

Alþingi
Erindi nr. P 141/1454
komudagur 8.2.2013

Reykjavík, 8. febrúar 2013

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Umsögn vegna frumvarps til laga um náttúruvernd,

429. þingmáls á 141. löggjafarþingi, 2012 – 2013,

frá Landssamtökum landeigenda á Íslandi

Landssamtök landeigenda á Íslandi vísa til umsagnar landssamtakanna sem send var Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann. 25. september 2012 um breytingu á lögum nr 44/2009 um náttúruvernd en vilja auk þess beina til Alþingis eftirfarandi athugasemdum við 19. gr. fyrirbyggjandi frumvarps til laga um náttúruvernd, 429. mál á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013:

Landssamtök landeigenda á Íslandi telja að þær breytingar frá ákvæðum 1. mgr. 14. gr. nógildandi laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem lagðar eru til í ákvæðum 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins séu afar óheppilegar og gangi gróflega á hefðbundinn og ævafornan rétt landeigenda til þess að ráðstafa eign sinni. Náí sú breyting sem þar um ræðir fram að ganga munu landeigendur sviptir rétti til að takmarka umferð manna um afgirt óræktuð eignarlönd í byggð. Landssamtökin telja þessa breytingu fela í sér skerðingu á eignarráðum yfir landi og að hún fari í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um friðhelgi eignarréttar. Auk þess telja samtökin þessa breytingu tilefnislaus og að hún muni valda landeigendum, verulegum skaða og jafnvel leiða til þess að óviðkomandi einstaklingar eða fyrirtæki geti nýtt eða staðið fyrir atvinnurekstri (ferðapjónustu) á eignarlöndum manna án nokkurs endurgjalds og án þess að landeigandi geti rönd við reist um vernd og umgengni lands síns. Umferð ferðamanna eykst ár frá ári. Æ oftar er rætt um þann vanda sem umferð þeirra fylgir með skemmdum lands af átroðningi og kostnaði og óþægindum af hvers kyns úrgangi sem þessari umferð er samfara og að nauðsynlegt sé að gjaldtöku verði komið við. Því telja Landssamtök landeigenda á Íslandi að auk þess sem tillagan gangi gegn hagsmunum landeigenda sé hún beinlínis andstæð náttúruvernd og að brýnt sé að frá henni verði horfið og að ákvæði 1. mgr. 14. gr. nógildandi náttúruverndarlaga nr. 44/1999 standi óbreytt.

Virðingarfyllt

F. h. Landssamtaka landeigenda á Íslandi

Örn Bergsson formaður